



Fundargerð aðalfundar KGRP

Aðalfundur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma var haldinn á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð mánudaginn 13. maí 2024 kl. 18:00.

Fulltrúar eftirfarandi sókna mættu eða tilkynntu forföll:

Árbæjarsókn	Guðrún Nikulásdóttir
Ásátrúarfélagið	Forföll
Ássókn	Kristján Guðmundsson
Breiðholtssókn	Emilía Svavarsdóttir
Bústaðasókn	Dóra Berglind Torfadóttir
Digranessókn	Forföll
Dómkirkjusókn	Einar S. Gottskálksson
Fella- og Hólasókn	Jóhann Úlfarsson
Fríkirkjusöfnuðurinn	Árni Gunnarsson
Grafarholtssókn	Forföll
Grafarvogssókn	Guðmundur Örn Guðjónsson
Grensássókn	Kristinn Guðmundsson
Hallgrímssókn	Einar Karl Haraldsson
Háteigssókn	Forföll
Hjallasókn	Andrés Jónsson
Kapólski söfnuðurinn	Ágúst Elvar Almy
Kársnessókn	Hlíðar Þór Hreinsson
Langholtssókn	Daði Kristjánsson
Laugarnessókn	Egill Heiðar Gíslason
Lindarsókn	Hafþór Freyr Sigmundsson
Nessókn	Aðalheiður Steindórsdóttir
Óháði söfnuðurinn	Valur Sigurbergsson
Seljasókn	Ólafur Karlsson
Seltjarnarnessókn	Ólafur Egilsson
Siðmennt	Sigurður Rúnarsson

Aðrir fundarmenn:

Ingvar Stefánsson, Sólveig Halldórsdóttir, Helena Sif Þorgeirsdóttir, Helga Oddsdóttir, Kári Aðalsteinsson, Sigurður Kristjánsson og Heimir Janusarson, öll frá KGRP. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prófastur RPA, Sr. Þorvaldur Víðisson og Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur RPV.

Egill Heiðar Gíslason formaður stjórnar KGRP bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Egill Heiðar býður nýjan prófast Þorvald Víðisson og þá sem ekki hafa áður mætt á fundi sérstaklega velkomna. Egill Heiðar lagði til að Einari Karli Haraldssyni yrði falið að stjórna fundi. Einar Karl leggur til að Sólveigu Halldórsdóttur yrði falið að rita fundargerð. Það var samþykkt. Einar Karl leggur til að farið verði hringinn og fólk kynni sig.

Dagskrá fundarins var send út með 10 daga fyrirvara ásamt ársreikningi KGRP:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi KGRP á árinu 2023.
2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag KGRP lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrsla um starfsemi útfararþjónustu
4. Kosning í stjórn ÚK ehf. til eins árs
5. Ákvörðun þóknunar fyrir setu í framkvæmdastjórn KGRP
6. Kosning í framkvæmdastjórn KGRP
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga KGRP og Útfararstofu og tveggja til vara til tveggja ára.
8. Önnur mál.
Endurskoðun á reglum Kirkjugarða Reykjavíkur

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi KGRP á næstliðnu ári.

Ingvar fór yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi og fléttaði inn helstu kennitölum úr ársreikningi KGRP. Ingvar fjallar um að reskturinn hafi verið í jánnum á árinu 2023 og að uppsöfnuð viðhaldspörf sé á eignum. Lagt hafi verið í einkiptiskostnað sem setið hafi á hakanum síðustu ár eins og til dæmis heimasíðu, stefnumótun, jafnlaunavottun og fleira.

Ingvar gefur orðið laust til spurninga. Spurt er út í lífeyrisskuldbindingu og aðrar rekstrartekjur. Ingvar tilgreinir hvernig aðrar tekjur sundurliðast og fer yfir hvernig lífeyrisskuldbindingin myndast og hvernig hún mun koma til greiðslu.

Ingvar fer yfir aðra tölfræði og segir frá tölum varðandi jarðsetningar og bálfarir á árinu 2023.

Ingvar fer yfir annað markvert sem gerðist á árinu 2023. Ingvar fjallar einnig um fjármál kirkjugarða almennt og þá skerðingu sem hefur verið á raunframlagi á síðustu árum.

Spurt er um sameiningu á skrifstofu og hvað hefur verið gert til að ná tekjuskerðingu til baka. Ingvar fer yfir að skrifstofurnar hafi verið sameinaðar og nú sé ein sameiginleg skrifstofa í Fossvogi. Varðandi skerðingu á raunframlagi segir Ingvar að fjöldi funda hafi verið setnir með ráðuneytinu og boltinn sé hjá þeim. Spurt er um líkhús. Ingvar fer yfir að rekstur líkhúss sé ekki lögbundið hlutverk kirkjugarða. Hins vegar er það þannig að um 70% af líkum fer í gegnum líkhúsið í Fossvogi. Hann fer yfir ástand líkhússins, að endurnýja þurfi kælikerfið og líkhúsið sé sprungið.

Egill Heiðar þakkar framkvæmdastjóra og starfsmönnum fyrir þeirra störf á liðnu ári. Fjárframlög hafa verið skert og sífellt sé í skoðun hvernig hægt sé að bregðast við. Virk samtöl séu við stjórnvöld um málin og hann viti til að á Alþingi séu menn með áhyggjur af þessu og finna þurfi lausn á málaflokknum. Stjórnvöldum hafi verið gerð grein fyrir að loka gæti þurft líkhúsinu fyrirvaralaust.

Ingvar bætir við að bréf hafi verið send á alla hagaðila sem koma að líkhúsinu þar sem tekið var fram að kælikerfið væri ónýtt, líkhúsið sprungið og það gæti lokað fyrirvaralaust eða vísa þurfi líkum frá.

Spurt er um dótturfélagið Bálstofu Íslands og hver tilgangurinn með því sé.

Ingvar svarar að félagið hafi verið stofnað fyrir hans tíð og hugsunin með því hafi verið að reka nýja bálstofu ef og þegar til kæmi.

Spurt er um hvort það hafi verið skoðað að færa rekstur á líkhúsi inn í útfararstofuna sem er þá einkahlutafélag og geti rukkað fyrir.

Ingvar svarar að það hafi verið skoðað að stofna einkahlutafélag sem myndi sjá um rekstur líkhús, það héldist í hendur við viðræður við ráðuneyti.

2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag KGRP lagðir fram til samþykktar.

Skoðunarmenn, löggiltur endurskoðandi, stjórn og framkvæmdastjóri hafa allir undirritað ársreikninginn.

Reikningar bornir upp og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrsla um starfsemi útfararþjónustu

Egill Heiðar gerði grein fyrir starfsemi útfararstofunnar. Útfararstofan (ÚK) er sjálfstætt félag og gengið hefur verið í aðskilnað útfararstofu frá KGRP.

Egill Heiðar fór yfir rekstur ÚK á síðasta ári. Stefna útfararstofu hefur verið að reka útfararstofu á hagkvæman hátt og með það að leiðarljósi að hagnaður renni til eiganda til samfélagslegra verkefna. Útfararstofan hefur á tveim síðustu árum skilað mjög góðum árangri sem hefur skilað sér til samfélagslegra verkefna.

Hagnaður ársins var 35,5 m.kr. Fram kom að stjórn kirkjugarðanna setti ákveðna arðsemisstefnu fyrir ÚK og greiðir vegna ársins 2023 50% af hagnaði í arð.

Egill fór yfir starfsemina, eignir félagsins og mannauð. Rekstrarhorfur eru ágætar en lögð hefur verið áhersla á að fylgja þeirri línu í samningum að menn reyni að sporna við hækkunum þó að komi til launahækkana. Þannig sé ÚK að leggja sitt af mörkum til að sporna við verðbólgu.

Egill þakkar stjórn ÚK fyrir.

4. Kosning í stjórn ÚK ehf. til eins árs

Egill Heiðar kynnti tillögu um fulltrúa í stjórn sem lögð verður fram á aðalfundi ÚK. Tillaga um Jóhann Úlfarsson, Andrés Jónsson og Dóru Berglindi Torfadóttur sem aðalmenn.

5. Ákvörðun þóknunar fyrir setu í framkvæmdastjórn KGRP

Tillaga lögð fram um óbreytta þóknun. Egill Heiðar fór yfir þær tölur.

Spurt um hvernig það hafi komið til að laun stjórna hafi verið hlutfall af launum borgarfulltrúa.

Egill Heiðar gerði grein fyrir að núverandi fyrirkomulag hafi verið samþykkt á aðalfundi KGRP 2022.

Í því sé gert ráð fyrir að þóknunn taki mið af grunnlaunum borgarfulltrúa. Þetta fyrirkomulag byggði á því að styðjast við opinbert viðmið sem farið er eftir og allar upplýsingar um það eru opinberar.

Spurt er hvort það sé átt við grunnlaun og hvaða fjárhæðir það sé sem miðað er við. Egill Heiðar sagðist ekki vera með nákvæma tölu um þetta viðmið í dag en hana megi sjá á netinu á vef Reykjavíkurborgar.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning í framkvæmdastjórn KGRP

Að þessu sinn er kosið um einn aðalmann og einn varamann. Aðalmaður í framboði er Egill Heiðar Gíslason og varamaður til tveggja ára í framboði er Níels Árni Lund. Voru báðir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga KGRP og Útfararstofu og tveggja til vara til tveggja ára.

Kjörnir voru félagslegir skoðunarmenn reikninga KGRP og ÚK ehf. Tillaga var um Guðrúnu Nikulásdóttur, Árbæjarsókn og Einar Gottskálksson, Dómkirkjusókn, sem aðalmenn. Tillaga um Hafþór Freyr Sigmundsson, Lindarsókn og Björgu Dan Róbertsdóttur, Langholtssókn. Kjörin með öllum greiddum atkvæðum.

8. Önnur mál

8.1 Nýtt merki KGRP

Egill Heiðar tekur til máls og fjallar um að kirkjugarðarnir séu fyrir alla, sama hvaða trú- eða lífsskoðunar fólk aðhyllist.

Ingvar fjallaði um að stefnumótun fylgi ákveðin endurmörkun á ásýnd kirkjugarðanna og að samfélagið hafi breyst mikið á síðustu árum.

Merkingum er ábótavant í görðunum, hlutverk kirkjugarðanna er að breytast. Fólk er að nýta garðana á mismunandi hátt. Aðalmálið er auðvitað samt að garðarnir eru grafreitir. Samkvæmt lögum ber að jarðsetja alla í kirkjugarði. Kirkjugarðarnir eru að þróast úr því að vera algjörlega formfastir út í að vera multicultural og multifunctional garðar.

Ingvar rifjar upp stefnuna og fimm stoðir sem hún byggir á. Nýja merkið byggir á þessum stoðum og þeirri kyrrlátu náttúru sem finna má í görðunum. Samþætting náttúru og minninga með kyrrð og kærleika að leiðarljósi. Gildin okkar, virðing, fagmennska, umhyggja og liðsheild, voru innblástur í gerð merkisins og vandlega skipulagðir reitir og laufblað.

Ingvar sýnir nýtt merki í nokkrum útfærslum, m.a. á heimasíðu og bréfsefni.

Ingvar nefnir að merkingu í kirkjugörðunum sé ábótavant og að okkur langi að uppfæra merkingar svo fólk sé boðið velkomið í garðana.

Spurt er hvort eðlilegt hafi verið að skoða að breyta nafni stofnunarinnar og hvort hefði mátt fara alla leið og breyta samþykktum með nýju nafni. Hvernig það hafi komið til að farið hafi verið að nota Kirkjugarðar Reykjavíkur í stað Kirkjugarðar

Reykjavíkurrófastsdæma. Ingvar svarar að í daglegu tali sé talað um Kirkjugarða Reykjavíkur og því hafi verið ákveðið að einfalda nafnið þó ekki sé verið að breyta samþykktum og eða eiginlegu nafni stofnunarinnar.

Tillaga að stjórn fái heimild til að hrinda í framkvæmd nýju merki byggt á þeim grunni sem hafi nú verið kynntur.

Með þessari framsetningu sé verið að undirstrika enn frekar að allir séu velkomnir í kirkjugarðana.

Umræður um kirkjugarðinn í Kópavogi og hvort það skjóti ekki skökku við að í Kópavogi sé merki um Kirkjugarða Reykjavíkur. Tillaga að Kirkjugörðum höfuðborgarsvæðisins. Umræður um að fleiri kirkjugarðar séu á höfuðborgarsvæðinu svo það passi ekki. Ákveðið að þessa umræðu mætti taka síðar.

Samþykkt að heimila Framkvæmdastjórn að ganga frá endanlegri útfærslu á nýju merki og koma því í notkun.

8.2 Endurskoðun á reglum Kirkjugarða Reykjavíkur

Egill Heiðar vakti athygli á að nauðsynlegt sé að reglur um umgjörð og starfsemi kirkjugarðanna séu í stöðugri þróun. Hann lagði til að farið verði í endurskoðun á þessu regluverki og stefnt að það verði kynnt á vetrarfundi og afgreitt á aðalfundi að vori.

Samþykkt að fela framkvæmdastjórn hefja endurskoðun á reglum kirkjugarðanna.

8.3 Þakkar

Helga Soffía tekur til máls og þakkar fyrir samveruna og samstarfið síðastliðin 9 ár. Fundarstjóri þakkar fyrir sig og gefur formanni orðið. Egill Heiðar þakkar fyrir það traust sem honum er sýnt til að sinna formennsku áfram og vonast til að eiga áfram gott samstarf við alla aðila sem koma að þessari starfsemi. Hann þakkar Helgu Soffíu fyrir gott samstarf og ítrekar að við stöndum saman sem ein heild og berum virðingu fyrir skoðunum hvers annars. Egill Heiðar þakkar fundarstjóra og fundarritara fyrir sín störf og slítur fundi kl. 19.25.

Fundargerð ritaði Sólveig Halldórsdóttir